

Samkomulag um frestun viðræðna um nýjan stofnanasamning

Starfsgreinasamband Íslands annars vegar og Vatnajökulsþjóðgarður, Umhverfisstofnun og Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hins vegar gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna viðræðna um nýjan stofnanasamning. Um er að ræða stofnanasamning skv. 11. kafla kjarasamnings fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Starfsgreinasambands Íslands sem undirritaður var 6. mars 2020.

1. Vörpun í nýja launatöflu er í samræmi við kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. Gengið var frá vörpuninni 29. apríl síðastliðinn.
2. Ný röðun í launaflokka er með eftirfarandi hætti:

Störf og röðun þeirra í launaflokka

Við ákvörðun um röðun starfa til launa skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar, krafna og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er. Röðun í launaflokka er lágmarksröðun.

Verkamæður

Almenn verkamannastörf, létt viðhald, þrif o.fl. undir stjórn yfirmanns.
Launaflokkur 6

Þjónustufulltrúi

Störf í gestastofu, þjónustumiðstöð og á tjaldstæðum s.s. afgreiðsla, umsjón, almenn upplýsingagjöf, þrif og eftirlit.
Launaflokkur 7

Landvörður

Landvörður sér um fræðslu og upplýsingagjöf á svæði, hefur eftirlit með náttúru og innviðum, sinnir viðhaldi og þjónustu við ferðamenn.
Launaflokkur 10

Yfirlandvörður/Vaktstjóri

Yfirlandvörður / vaktstjóri skipuleggur, forgangsraðar og stýrir verkefnum landvarða og eftir atvikum annarra starfsmanna í samráði við sérfræðing svæðis / þjóðgarðsvörð eða næsta yfirmann. Hann sér einnig um fræðslu og upplýsingagjöf á svæði, hefur eftirlit með náttúru og innviðum, sinnir viðhaldi og þjónustu við ferðamenn.
Launaflokkur 11

Landvörður sem starfar viðvarandi elnn á svæði skal fá einn launaflokk til viðbótar við grunnröðun.

3. Viðbótarforsendur metnar til launaflokka og -þrepa ofan á grunnröðun eru með þessum hætti:


FE

Starfsreynsla sem nýtist innan stofnunar

- Eftir 6 mánuði í starfi hækkar starfsmaður um 1 þrep
- Eftir eitt ár í starfi hækkar starfsmaður um þrep til viðbótar.
- Eftir 3 ár í starfi hækkar starfsmaður um þrep til viðbótar.
- Eftir 5 ár í starfi hækkar starfsmaður um þrep til viðbótar.

Meta skal sambærilega starfsreynslu sem nýtist í starfi á milli stofnanna sem eru aðilar að þessum samningi að hluta eða öllu leyti.

Menntun sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur starfs

Menntun starfsmanns sem ekki er tekið tillit til í grunnröðun starfs skal meta sem hér segir:

Formleg menntun sem nýtist í starfi skal metin með eftirfarandi hætti:

Háskólapróf	1 launaflokkur
Sveinspróf / meistarapróf í lönmenntun	1 launaflokkur

Sí- og endurmenntun sem nýtist í starfi umfram grunnkröfur starfs

- Eftir 60 kl.st. námskeið komi 1 launaflokkur
- Eftir 120 kl.st. námskeið komi 1 launaflokkur
- Eftir 180 kl.st. námskeið komi 1 launaflokkur

Með sí- og endurmenntun er almennt átt við skemmri námskeið sem eru ekki hluti af formlegu lön- eða háskólanámi. Viðurkennt nám sem leiðir til réttinda til að starfa sem landvörður og er hluti af formlegu háskólanámi er þó undantekning frá því. Það nám/réttindi eru metið sem 120 klukkustunda námskeið líkt og Landvarðarnámskeið Umhverfisstofnunar er. Framvísa þarf staðfestingum á öllum námskeiðum til stofnanna til að unnt sé að meta það til launa.

Persónubundnir þættir

Heimilt er að taka tillit til sérstakrar hæfni og frammistöðu í starfi við í röðun í álagsþrep að hámarki 3 þrep. Skal þá horft til eftirfarandi þátta:

Sérstök þekking, færni eða reynsla, sem starfsmaður nýtir vel í starfi og ekki er greitt fyrir með öðrum hætti.

Býr yfir áráðni, framtakssemi og viðhefur sjálfstæð vinnubrögð (innan viðurkennds starfsframma). Leitar eftir og ber kennsl á tækifæri til úrbóta.

Góð skiplagsfærni, lýkur verkefnum innan settra tímamarka og fylgir verkferlum og leiðbeiningum.

Sýnir lipurð í samskiptum og samvinnu og miðlar upplýsingum á skýran hátt við bæði samstarfsmenn og gesti.


Frammistaða umfram almennar kröfur, sýnir mikinn áhuga og umhyggju fyrir starfinu, velferð svæðis og málefni.

Starfsmannasamtöl fastráðinna starfsmanna skulu fara fram a.m.k. elnu sinni á ári þar sem m.a. er rætt um árangur og frammistöðu. Leitast skal við að veita tímabundið ráðnum starfsmönnum endurgjafarsamtal elnu sinni á hverju starfstímabili þeirra.

Tímabundnir þættir

Heimilt er að greiða starfsmanni sérstök viðbótarlaun vegna sérstaks tímabundins álags s.s. vegna náttúruhamfara skv. grein 1.8. í kjarasamningi.

Umræðum um önnur atriði og stofnannasamninginn í heild er frestað til hausts og munu aðilar taka aftur upp viðræður eftir 1. september 2021



Handwritten signature and initials, possibly 'F.E.', in blue ink.

25. júní 2021



Virðingarfyllst f.h. Starfsgreinasambands Ísland,



Virðingarfyllst f.h. Vatnajökulsþjóðgarðs,



Virðingarfyllst f.h. Umhverfisstofnunar,



Virðingarfyllst f.h. Þjóðgarðsins á Þingvöllum,